



Skólaráðsfundur 4. mars 2026

Fundinn sátu: Karítas Björnsdóttir, Sigurlaug Lilja Halldórsdóttir, Emma Sif Björnsdóttir, Þ. Elenóra Jónsdóttir, Kristján Bjarni Halldórsson og Hallfríður Sverrisdóttir, sem ritaði fundargerð.

Foreldrakönnun.

Skólastjóri kynnti helstu niðurstöður úr könnun sem foreldrar í 2., 4., 7. og 10. bekk svöruðu á viðtalsdegi 4. febrúar sl. Almennt eru niðurstöðurnar jákvæðar og foreldrar ánægðir með skólann og Árvist.

Skólapúlsinn.

Farið var yfir niðurstöður úr nemendakönnun Skólapúlsins. Tveir þriðju hlutar nemenda í 6. - 10. bekk hafa þegar svarað könnuninni en svörunin dreifist yfir skólaárið og lýkur í vor.

Drög að skóladagatali 2026-2027.

Drög að skóladagatali næsta skólaárs kynnt. Skólastjórnendur grunnskólanna í Skagafirði hittust nýlega til að samræma og vinna drög að skóladagatali skólaársins 2026-2027. Samræmingin snýr helst að haust- og vetrarfríum. Í skoðun er að fræðsludagur verði mögulega á starfstíma skóla en ekki á starfsdögum fyrir skólasetningu þar sem haustþing KSNV fellur niður næsta skólaár og verður að öllum líkindum annað hvert ár framvegis.

Skíðaferðir.

Þessa dagana er verið að skipuleggja skíðaferðir á skíðasvæðið í Tindastóli með nemendum unglingastigs og miðstigs.

Skólaakstur.

Rætt um skólaakstur innanbæjar sem samkvæmt auglýstu fyrirkomulagi er 15. nóv. 2025 - 28. feb. 2026. Skólaaksturinn hætti því 28. febrúar sl. Töluverð óánægja er með þessa ákvörðun hjá foreldrum. Ályktun skólaráðs frá fundi 5. nóvember 2025 var komið áfram til fræðslunefndar.

Önnur mál.

Myndatökur á vegum foreldrafélagsins þar sem teknar verða hópmyndir af 4. og 7. bekk fara fram í vikunni 23. - 27. mars.

Næsti skólaráðsfundur er áætlaður 8. apríl 2026.